

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi Kaplakrika, íþróttasvæði FH, skipulagsreitur 3.2.3. í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 31. október 2006 breytingu á deiliskipulagi Kaplakrika, íþróttasvæði FH, skipulagsreitur 3.2.3. í Hafnarfirði. Breytingin felst m.a. í að gerður er nýr byggingarreitur fyrir frjálsíþróttahús við hlið núverandi íþróttahúss ásamt tengibyggingu. Aðkoman inn á svæðið er flutt um 90 m til austurs og staðsetningu bílastæða er breytt í samræmi við það. Gerð eru almenningsbílastæði utan lóðarinnar. Breyting verður á aðkomustígum á lóðinni og gert er ráð fyrir 2-4 m háum steypum vegg meðfram Flatahrauni og byggingarreit fyrir stúku norðan knattspyrnuvallar. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 6. desember 2006,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2006